

# Fréttir af starfi Félags hrossabænda



1 tölublað, maí 2017

Kæri félagsmaður með þessu fréttabréfi langar okkur að segja frá því helsta sem stjórn og starfsmaður félagsins eru að fást við þessa dagana. Það er vissulega í mörg horn að líta og verkefni fjölbreytt sem lúta að því að standa vörð hagsmuni hrossabænda svo sem að sækja fram í markaðsmálum o.fl.

## Markaðsstarf

Félag hrossabænda er frumkvöðull og virkur þátttakandi í verkefninu Horses of Iceland [www.horsesoficeland.is](http://www.horsesoficeland.is) en það verkefni hefur vaxið og eflst frá því það var sett á laggirnar með samningum við ríkið í ársbyrjun 2015. Með verkefninu er markvisst verið að markaðssetja hestinn og hestamenskuna og er daglegu starfi og utanumhaldi stýrt af Íslandsstofu en þar innanhúss er mikil þekking og reynsla af markaðsstarfi sem við njótum góðs af, [www.islandsstofa.is](http://www.islandsstofa.is). Sveinn og Hallveig eru í



verkefnastjórn sem fundar mánaðarlega. Samstarfsaðilar í verkefninu eru u.þ.b 50 og er um að ræða hagsmunafélög innan hestamenskunnar, fyrirtæki og einstaklinga og saman mótum við stefnur og áherslur í verkefninu. Hvetjum við alla áhugasama hrossabændur til að kynna sér verkefnið vel og taka þátt enda á það sannarlega við í þessu verkefni að samtakamátturinn og samstaðan skilar okkur áfram veginn.

Við í stjórn teljum það mikinn áfanga og í raun sigur að ná þessum stóra hópi hagsmunaaðila saman í verkefni eins og **Horses of Iceland** og fá fjármagn frá ríkinu en loksins höfum við úr talsverðum fjármunum að spila í markaðsstarf. Við munum leggja mikið á okkur til að þetta viðamikla og góða samstarf sé komið til að vera til langs tíma en eins og kynnt hefur verið þá er verkefnið tímabundið eða út árið 2019. Það hlýtur að vera eitt af meginmarkmiðum Félags hrossabænda að vera í fararbroddi við markaðssetningu og kynningu á hestinum ekki síst þess vegna þarf starf okkar að vera öflugt.

## Equitana

Í mars sl. var Horses of Iceland þátttakandi í Equitana hestasýningunni Þýskalandi sem er ein stærsta sýning sinnar tegundar í heiminum. Básinn á sýningunni kom vel út, og mikið heimsóttur og komu komu t.d 360° myndböndin sérstaklega vel út og vöktu mjög áhuga fólks á því að heimsækja Ísland.



## Útflutningur – jákvæðar horfur

Sala á hrossum til útflutnings var 1.474 á síðasta ári. Til samanburðar var hann 1360 árið 2015. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er útflutningur það sem af er á þessu ári svipaður og fyrstu mánuði 2016. Ef horft er nokkur ár aftur í tímann má sjá að þróunin er jákvæð hvað varðar fjölda útfluttra hrossa.

	2013	2014	2015	2016	2017
janúar	127	118	103	124	164
febrúar	155	170	197	209	150
mars	59	67	162	140	142
apríl	59	109	30	91	80
alls	400	464	492	536	564

Stjórn hefur verið að vinna að því í samvinnu við forsvarsmenn Worldfengs hvernig nýta megi betur upplýsingar úr WF til að greina þróun á sölumarkaði, bæði innanlands og utan. Munum við upplýsa ykkur betur eftir því sem þau mál vinnast.

## Afurðamál

Unnið hefur verið markvisst að markaðsmálum hrossaafurða og er staða þeirra mála nokkuð viðunandi. Afurðaverð hefur hækkað hjá afurðastöðvum og greiðir KS hæsta verðið en það kemur í kjölfar verkefnis sem FHB var virkur þátttakandi í og snérist um Japansmarkað. Við bendum ykkur á það ágætu félagsmenn að gera verðsamanburð milli afurðastöðva það er okkar leið til að fá sem hæst verð fyrir gripina.

## Hrossarækt í sátt við umhverfið

Félagið hefur í samvinnu við Landgræðslu ríkisins verið að vinna að innleiðingu verkefnisins [Hagagæði](#). Tilgangur verkefnisins er að tryggja sjálfbæra nýtingu beitarlands, tryggja velferð hrossa og auka ábyrgð og umhverfisvitund landnotenda og landeigenda. Með verkefninu er stuðlað að bættri meðferð lands en það er okkur hestamönnum mikilvægt að ímynd hestamennskunnar sé góð og hestahaldið sé okkur til sóma. [Landnýtingarþáttur gæðastýringar í hrossarækt – myndband](#).

## Um félagið

Í stjórn FHB eru eftirtaldir: Sveinn Steinarsson Litlalandi formaður, Jón Bjarni Þorvaldsson Bergi meðstjórnandi, Eysteinn Leifsson Mosfellsbæ ritari, Magnús Jósefsson Steinnesi varaformaður og Vignir Sigurðsson Litlu-Brekku gjaldkeri.

Hallveig Fróðadóttir er starfsmaður félagsins í um 30% starfshlutfalli og sinnir hún ásamt Sveini formanni daglegum verkefnum en margvísleg erindi berast félaginu.

**Við hvetjum félagsmenn til að nýta sér starf félagsins og leita upplýsinga og ráða.**

**Fyrir hönd stjórnar og félagsins óska ég ykkur gleðilegs hestasumars!**

*Sveinn Steinarsson, formaður*

---

Heimasíða: [www.fhb.is](http://www.fhb.is)

Sveinn Steinarsson, formaður, s: 892-1661, netfang: [sveinnst@fhb.is](mailto:sveinnst@fhb.is)

Hallveig Fróðadóttir, s: 563-0300, netfang: [fhb@fhb.is](mailto:fhb@fhb.is)